

Aðalskipulag Akureyrar 2005 -2018
Lýsing – Breyting á þéttbýlismörkum
27. júní 2012



1. FORSENDUR OG VIÐFANGSEFNI

Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 er sett fram á þéttbýlisupprætti og sveitarfélagsupprætti. Á þéttbýlisupprætti eru dregin þéttbýlismörk en utan þeirra eru sýnd landnotkunarákvæði og verndarákvæði. Á sveitarfélagsupprætti eru mörk þéttbýlisuppráttar sýnd og þéttbýli innan þéttbýlismarka merkt sem einn reitur.

Á sveitarfélagsupprætti eru ekki sýnd skipulagsákvæði innan marka þéttbýlisuppráttar en verndarákvæði koma þar fram og eru því tiltekin á báðum uppráttunum.

Ákveðin óvissa getur orðið um útfærslu breytinga á aðalskipulagi á því svæði sem gerð er grein fyrir á báðum uppráttunum, þ.e. svæðis utan þéttbýlismarka en inni á þéttbýlisupprætti. Jafnframt hefur áhugi aukist á nýtingu svæðanna ofan núverandi byggðar til ýmissa nota og hefur deiliskipulag verið unnið þar á nokkrum stöðum og framkvæmdir hafnar í samræmi við það.

Skipulagsnefnd áformar því breytingu á þéttbýlismörkum Akureyrar þannig að öll byggð og aðliggjandi landnotkunarreitir verði innan þeirra. Framsetningu aðalskipulagsuppráttar verði jafnframt breytt þannig að ekki verði um tvítekningu að ræða. Á þéttbýlisupprætti verði einungis sýnd landnotkun innan þéttbýlismarka en á sveitarfélagsupprætti utan þeirra. Á þéttbýlisupprætti verður land utan þéttbýlismarka einungis auðkennt sem grunnkort (hæðarlínur og vatnafar) en á sveitarfélagsupprætti verður land innan þéttbýlismarka sýnt sem einn flötur.

SKIPULAGSSVÆÐI

Skipulagssvæðið er allt bæjarland Akureyrar. Breytingin tekur til beggja skipulagsuppráttanna og verða settir fram nýir aðalskipulagsupprættir. Umfang breytingarinnar rúmast ekki á hefðbundnum breytingarblöðum eins og notuð eru yfirleitt við breytingu á aðalskipulagi.

SAMHENGÍ VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR OG LAGAÁKVÆÐI

Breyting á þéttbýlismörkum Akureyrar hefur engin áhrif á aðrar áætlanir eða skipulag.

2. HELSTU ÁHERSLUR SKIPULAGSNEFNDAR

Skipulagsnefnd telur æskilegt að meginhluti þeirra landnotkunarreita ofan byggðar Akureyrar þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir, verði innan þéttbýlismarkalínu þannig að einungis verði skíðasvæðið í Hlíðarfjalli, hverfisverndarsvæði á Glerárdal og vatnsverndarsvæði utan þeirra.

3. ÁHRIFAMAT

Væntanleg skipulagsbreyting hefur engin áhrif á skipulag bæjarins að neinu leyti.

Í lögum um gatnagerðargjald segir í 3. gr. „Sveitarstjórn skal innheimta gatnagerðargjald af fasteignum í þéttbýli. Um skil þéttbýlis og dreifbýlis vísast til samþykkt deiliskipulags eða staðfests aðalskipulags á hverjum tíma.“

Samkvæmt ofangreindu skulu þéttbýlismörk skilgreind í aðalskipulagi eins og þau eru hverju sinni sem er meira upplýsandi en að kveða á um þau í deiliskipulagi.

Breytingin hefur hvorki áhrif á náttúrufar né menningarminjar. Með breytingunni verða engar nýjar heimildir til framkvæmda mögulegar umfram það sem þegar liggur fyrir í staðfestu aðalskipulagi.

Breytingin er því óveruleg þar sem hún snertir hvorki útfærslu skipulags, landnotkun, landnýtingu né framkvæmdaheimildir á neinn hátt.

4. SKIPULAGSFERLI

KYNNING OG SAMRÁÐ

Lýsing skipulagsáætlunarinnar verður auglýst og kynnt í júlí 2012. Lýsingin mun liggja frammi á vef Akureyrarbæjar www.akureyri.is.

Umsagnaraðilar:

- Skipulagsstofnun.
- Umhverfisstofnun.
- Veitustofnanir.
- Vegagerðin.

Lýsing deiliskipulagsverkefnisins, verkáætlun þessi, verður send umsagnaraðilum til skoðunar. Þeir sem gera vilja athugasemd eða koma ábendingu á framfæri skulu gera það skriflega til Skipulagsdeildar Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 600 Akureyri.

TÍMAÁÆTLUN

Áformað er að auglýsa breytingu á þéttbýlismörkum aðalskipulagsins í ágúst 2012. Ætla má að breytingin verði staðfest í október 2012.